

samkvæmt 75. gr. laganna. Loks er í stefnunni hvorki getið útgáfustaðar né útgáfudags skjalanna, nafns greiðanda né afsagnardags, svo sem rétt var, einkum þar sem um var að ræða áskorunarmál, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 97/1978.

Þar sem slíkir gallar voru á málatalbúnaði sóknaraðilja, sem að framan greinir, en varnaraðili sótti ekki þing, var héraðsdómara rétt að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1978 og 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Verður hin kærða dómsathöfn því staðfest að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsathöfn á að vera óröskuð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 5. júní 1979.

Nr. 159/1978. Friðrik Guðmundsson

(Jón E. Ragnarsson hrl.)

gegn

Sérhúsgögnum Inga og Péturs

(Ingi Garðar Einarsson).

Áskorunarmál. Stef nubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1978. Krefst hann þess, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta um birtingu héraðsdómsstefnu var hún birt á heimili áfrýjanda fyrir honum sjálf-

um fimmtudag 22. júní 1978, kl. 1726, og honum afhent endurrit stefnunnar. Áfrýjandi, sem ekki sótti þing í héraði, reisir kröfur sínar á því, að hann hafi farið af landi burt kl. 1400 þann dag. Hafi sér eigi borist endurrit stefnunnar, fyrr en hann kom heim eftir þriggja vikna ferðalag, en þá kveðst hann hafa fundið endurritið í póstkassa sínum. Hafi hann því eigi mátt sækja þing í málinu, en það var dómtekið 29. júní 1978 og dómur upp kveðinn 1. ágúst s. á.

Fyrir Hæstarétt voru af hálfu áfrýjanda lögð fram tvö vottorð frá starfsmönnum Ferðaskrifstofunnar Útsýnar í Reykjavík. Samkvæmt fyrra vottorðinu, dags. 22. sept. 1978, fór áfrýjandi á vegum ferðaskrifstofunnar í ferð til Ítalíu 22. júní 1978, og hóf flugvélin sig til flugs kl. 1400. Í síðara vottorðinu, dags. 27. sept. s. á., segir, að áfrýjandi hafi dvalist á vegum framangreindrar ferðaskrifstofu á Ítalíu í 3 vikur og hafi hann komið þangað „síðla dags hinn 22. júní 1978“.

Stefndi Ingi Garðar Einarsson flutti málið fyrir hið stefnda fyrirtæki. Hann er ólöglærður, og var honum leiðbeint af hálfu dómsins. Kvaðst hann í málflutningi sínum hafa gengið úr skugga um, að vottorð þessi væru rétt að efni til. Að svo vöxnu þykir áfrýjandi hafa sýnt fram á, að birtingarvottorð stefnuvotta sé eigi rétt að efni til, sbr. 2. málsg. 92. gr. laga nr. 85/1936. Barst áfrýjanda endurrit stefnunnar eigi í tæka tíð, svo að hann ætti þess kost að sækja þing í málinu. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum verður eigi hjá því komist að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Sérhúsgögn Inga og Péturs, greiði áfrýjanda, Friðrik Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. ágúst 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri fimmtudaginn 22. júní 1978, af Inga Garðari Einarssyni, Flúðaseli 61, Reykjavík, fyrir hönd Sérhúsgagna Inga og Péturs, Brautarholti 26, Reykjavík, gegn Friðrik Guðmundssyni, Vesturbergi 37, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 240.515 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að stefnandi hafi unnið fyrir stefnda að nokkru leyti að smíði og að öllu leyti að uppsetningu á stigahandriði í húsi stefnda að Vesturbergi 37.

Stefnukrafan sundurliðast þannig:

Vinna 48 stundir á verkstæði	kr. 110.880
Efni (oregon pine)	kr. 12.801
Söluskattur	kr. 24.736
Vinna við uppsetningu	kr. 180.180
Efni (ýmislegt)	kr. 7.118
Akstur 4 ferðir	kr. 4.800

Alls kr. 340.515

Upp í skuld þessa hafi stefndi greitt kr. 100.000 og sé krafa stefnanda þá kr. 240.515, sem sé jafnt stefnufjárhæðinni.

Ítrekað hafi verið skorað á stefnda að greiða skuld þessa, en hann hafi eigi sinnt því og hafi því málshöfðun þessi verið nauðsynleg.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 45.800.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómara.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómars.

Dómsorð:

Stefndi, Friðrik Guðmundsson, greiði stefnanda, Sérhúsgögnum Inga og Péturs, kr. 240.515 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. júní 1978 til greiðsludags og kr. 45.800 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. júní 1979.

Nr. 107/1979. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Félagsdómur. Frávísunardómur staðfestur.
Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 21. maí 1979, sem barst Hæstarétti 5. júní s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 kært til Hæstaréttar frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 15. maí 1979, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Með vísan til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja,